



Til skipulagsdeildar.

Kópavogi, 19. október 2022
2210326/510.00 GGG

Efni: Auglýsingaskilti við gatnamót Nýbýlavegar, Kársnesbrautar, Kringlumýrarbrautar og Hafnarfjarðarvegar. Fyrirspurn.

Skipulagsfulltrúi óskaði eftir umsögn gatnadeildar, vegna fyrirspurnar um heimild til að setja auglýsingaskilti við gatnamót Nýbýlavegar, Kársnesbrautar, Kringlumýrarbrautar og Hafnarfjarðarvegar. Fyrirspurn.

Undirritaður hefur kynnt sér fyrirspurnina og aðstæður og vil benda á eftirfarandi atriði:

- Götuljósastrengur liggur í kanti stígarins. Óheimilt er að tengja ljósaskiltið við götuljósastrenginn og þyrfti að leggja nýjan rafstreng að skiltinu.
- Gera skal ráð fyrir að hægt verði að breikka stíginn um 2,5 m í átt að Nýbýlavegi í framtíðinni. Föst mannvirki mega ekki standa nær stíg en 1 m. Fjarlægð frá núverandi stíg má því ekki vera minni en 3,5 m.
- Engin aðkoma yrði að skiltinu til viðhalds öðruvísi en fótgangandi. Ekki er heimilt að nýta göngustíg sem aðkomueið að skiltinu.
- Ekki er hægt að mæla með að auglýsingaskilti snúi til suðausturs í átt að hringtorgi á Nýbýlavegi þar sem það myndi draga athygli ökumanna frá akstri um hringtorgið og draga úr umferðaröryggi. Athygli ökumanna þarf að vera óskipt þegar ekið er um hringtorg
- Óvissa er um fyrirkomulag Borgarlínu á norður-/suðurlegg og ekki er hægt að útiloka að gera þurfi breytingar á götum og stígum á þessu svæði til að rýma fyrir sérrými almenningssamgangna

Virðingarfyllst,

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar